

**19. fundur fjallskilanevndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps  
haldinn í Flóka, fundarsal í Ráðhúsi Vesturbyggðar 14. ágúst 2019 og hófst  
hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Guðni Ólafsson (GÓ), Sveinn Eyjólfur Tryggvason (SET), Rebekka Hilmarsdóttir (RH) og Bryndís Sigurðardóttir (BS).

**Fundargerð ritaði:** Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri Vesturbyggð

**Dagskrá:**

**1. Fjallskil 2019 - 1907126**

*Lögð fyrir drög að fjallskilaseðli 2019 sem unnin voru með hliðsjón af fjallskilaseðli fyrra árs. Dagsverkum skv. fjallskilaseðli er deilt í hlutfalli við heildarfjölda fjár hvers fjáreiganda. Sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps og bæjarstjóra Vesturbyggðar falið að senda fjallskilaseðil út og birta hann á heimasíðum sveitarfélagana. Einnig er þeim falið að senda sérstakt bréf á leitar- og réttarstjóra um hlutverk þeirra og skyldur vegna fjallskila. Frestur til athugasemda um efni fjallskilaseðilsins 2019 skal vera til og með 1. september 2019.*

*Fjallskilanevnd mun boða sauðfjárbændur í Tálknafjarðahrepp og Vesturbyggð til fundar eftir seinni leitir, þar sem farið verður yfir framkvæmd við fjallskil 2019 og mögulega gjaldtöku 2020. Fundartími verður auglýstur síðar.*

*Samþykkt samhljóða.*

**2. Fjallskil - kostnaður - 1903176**

*Fjallskilanevnd vísar því til sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps og bæjarstjórnar Vesturbyggðar að heimilt verði að leggja allt að 2% á landverð allra jarða í Vesturbyggð og Tálknafjarðahrepp, þar með talið eyðijarðir, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda miðað við gildandi fasteignamat á hverjum tíma, í samræmi við fjallskilasamþykkt fyrir Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslur nr. 716/2012, sem innheimt verði samhliða fasteignagjöldum 2020. Nefndin leggur einnig til að á árinu 2020 verði lagt á fjallskilaskyld búfé í sveitarfélögunum gjald sem nemur 300 kr. á hverja sauðkind skv. skráningu Matvælastofnunar sem renna skal í fjallskilasjóð.*

*Tillagan samþykkt samhljóða.*

*Rætt um ógreidda reikninga vegna fjallskilakostnaðar 2018. Lagt er til að ógreiddum reikningum vegna fjallskilakostnaðar 2018 verði hafnað og sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps og bæjarstjóra Vesturbyggðar falið að tilkynna reikningseigendum um höfnunina.*

*GÓ og RH greiddu atkvæði með tillögunni en SET greiddi atkvæði á móti.*

**3. Reglur um óskilafé - 1908004**

*Lagt er til að sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps og bæjarstjóri Vesturbyggðar vinni drög að verklagsreglum um óskilafé og tilkynningar um fé sem ekki hefur verið heimt eftir seinni leitir. Þá er lagt til að Vesturbyggð og Tálknafjarðahreppur auglýsi eftir verktaka sem sinni skyldum sveitarfélaganna vegna fjallskila.*

*Samþykkt samhljóða.*

**4. Fjallskil í landi Vesturbyggðar sem ekki hefur verið sinnt. - 1904052**

*Lögð fyrir til kynningar bréf Matvælastofnunar dags. 1. apríl og 8. apríl 2019 varðandi fjallskil og skyldur sveitarfélaga vegna útigöngufjár í landi Vesturbyggðar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.20:55.**

---

Guðni Ólafsson (GÓ)

---

Sveinn Eyjólfur Tryggvason  
(SET)

---

Rebekka Hilmarsdóttir (RH)

---

Bryndís Sigurðardóttir (BS)

---